

Skólaráð 12. október 2020

Mættir: Björg Baldursdóttir skólastjóri, Sigrún Eypórsdóttir og Rósa Björk Guðnadóttir fulltrúar kennara. Eva Sjöfn Helgadóttir fulltrúi foreldra, Valtýr Ferrel og Linda Sofia fulltrúar nemenda, Iðunn Haraldsdóttir fulltrúi starfsmanna.

1. Fundir í skólaráði

Venjan er að halda 5 – 6 fundi yfir skólaárið.

Okt, nóv, jan, mars og maí og að auki einn opinn skólaráðsfundur í samstarfi við foreldrafélagið. Boðað verður til fleiri funda eftir ef þörf krefur.

Tímasetning funda; fundir verða öllu jafna á þriðjudögum, skiptumst á að halda morgunfundi kl. 8 og seinni partinn kl. 17.

Fundargerðir eru birtar á heimasíðu skólans.

2. Starfsáætlun 2020 – 2021

Áætlun um skólaárið og nú þegar hefur áætlunin hefur raskast, t.d. hefur fjölgreindaleikum sem vera áttu í byrjun október, verið frestað.

Athugasemdir frá fulltrúum kennara um misfærslur í áætluninni verða leiðréttar en að öðru leiti eru starfsáætlanir samþykktar.

3. Fulltrúi grenndarsamfélagsins

Fundurinn samþykkir að auglýsa eftir fulltrúa grenndarsamfélagsins. Fulltrúi foreldra setur inn á Facebook síðu hverfisins lýsingu á hlutverki fulltrúans og spurningu um hvort einhver hafi áhuga. Ráðið kys svo fulltrúa á milli funda.

4. Skólastarf á tímum Covid-19

Menntasvið hefur sett saman viðmið fyrir fjarkennslu; fyrir nemendahópa í sóttkví, og hvernig kennarar geta stutt við nemendur í sóttkví, samhliða fullri kennslu í skóla. Á heimasíðu skólans er fjarnámsvefur og þar er hægt að finna kennsluáætlanir. Á mentor og Google Classroom er að finna áætlanir og verkefni.

Fyrirspurn frá fulltrúa nemenda um grímunotkun nemenda og val nemenda að mæta í skólann/sinna fjarnámi. Ekki hefur verið sett grímuskylda hjá kennurum og nemendum en það er sjálfsagt og eðlilegt fyrir þá að nota grímur ef þeir kjósa það. Starfsfólki í matsal er skylt að nota grímu, og öllu starfsfólki sem fer inn í matsal er skylt að nota grímu. Engin fyrirmæli hafa borist frá Almannavörnum um að skólum sé lokað en foreldrar geta auðvitað haldið börnum sínum heima, sér í lagi ef um nemendur í áhættuhópi er að ræða.

5. Önnur mál

Samstarf við foreldrafélag um skíðaferð, skólinn ætlar að skoða hvort og hvernig hægt væri að fara í samstarf við foreldrafélagið svo nemendur komist í skíðaferð.

Fyrirspurn frá fulltrúa foreldra um hvernig sundkennsla er háttað þessa dagana. Engin sundkennsla en sundkennari er með nemendur úti í annars konar hreyfingu á meðan að veður leyfir. Kennsla verður flutt inn ef veður versnar.

Fundi slitið 8:30

Fundarritari: Sigrún Valdimarsdóttir, aðstoðarskólastjóri